

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 550/2010

2011/EES/22/03

frá 23. júní 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, (IFRS-staðal) 1 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ⁽²⁾ voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hin 23. júlí 2009 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, hér á eftir nefndar „breytingar á IFRS-staðli 1“. Samkvæmt breytingunum á IFRS-staðli 1 er einingum með starfsemi á sviði olfu og gass, sem skipta yfir í IFRS-staðla, heimilt að nota bókfært verð olfu- og gaseigna sem er ákvarðað samkvæmt fyrri reikningsskilareglum þeirra. Þær einingar sem ákveða að nota þá undanþágu skulu meta starfsemi, sem leggja skal niður, enduruppbyggingu og slíkra skuldbindinga að því er varðar olfu- og gaseignir, í samræmi við IAS-staðal 37, reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir, og færa skuldbindinguna á móti óráðstöfuðu eigin fé. Breytingarnar á IFRS-staðli 1 eiga einnig við um endurmat á samningi sem felur í sér leigusamning.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 1 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í

2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmdastjórninni um hlutlægni og hlutleysi álita EFRAG ⁽³⁾, og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitid væri yfirvegað og hlutlægt.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýringefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á IFRS-staðli 1, eins og þær eru settar fram í viðaukanum við þessa reglugerð, eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst eftir 31. desember 2009.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 157, 24.6.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 27/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XXII viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

*VIÐAUKI***ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR**

| | |
|----------------|---|
| IFRS-staðall 1 | Breytingar á IFRS-staðli 1: Viðbótarundanþágur vegna innleiðingar |
|----------------|---|

Breytingar á IFRS-staðli 1***Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla***

Bætt er við nýrri fyrirsögn og lið 31A og 39A.

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAGJÖF**Útskýring á skiptum yfir í IFRS-staðla**

Notkun áætlaðs kostnaðarverðs olíu- og gaseigna.

- 31A Ef eining beitir þeirri undanþágu sem um getur í b-lið liðar D8A að því er varðar olíu- og gaseignir skal hún greina frá því og á hvaða grundvelli er úthlutað bókfærðu verði, sem ákvarðað er samkvæmt góðri reikningsskilavenja, sem áður var fylgt.

GILDISTÖKUDAGUR

- 39A Með Viðbótarundanþágum vegna innleiðingar (breytingar á IFRS-staðli 1), sem gefnar voru út í júlí 2009, var bætt við liðum 31A, D8A, D9A og D21A og breytt c-, d- og l-lið liðar D1. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Undanþágur frá öðrum IFRS-stöðlum

Í viðbæti D er c-, d- og l-lið liðar D1 og fyrirsögn breytt. Liðum D8A, D9A og D21A er bætt við.

- D1 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi undanþágum:

- a) ...
- c) áætlað kostnaðarverð (liðir D5–D8A)
- d) leigusamningar (liðir D9 og D9A)
- e) ...
- l) skuldbindingar vegna starfsemi, sem leggja skal niður, innifaldar í kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna (liðir D21 og D21A)
- m) ...

Áætlað kostnaðarverð

- D8A Samkvæmt tilteknum, landsbundnum kröfum um reikningsskil er gerð grein fyrir rannsóknar- og þróunarkostnaði vegna olíu- og gaseigna á þróunar- eða framleiðslustigi á kostnaðarstöðum sem taka til allra eigna á stóru landsvæði. Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn og notar þess háttar reikningsskil samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt, getur valið að meta olíu- og gaseignir á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla með eftirfarandi hætti:

- a) eignir vegna jarðefnaleitar og mats á þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er samkvæmt góðri reikningsskilavenju, sem áður var fylgt og
- b) eignir á þróunar- eða framleiðslustigi við þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er vegna kostnaðarstaðar samkvæmt góðri reikningsskilavenju einingar, sem áður var fylgt. Einingin skal úthluta þessari fjárhæð á þær eignir sem liggja til grundvallar kostnaðarstaðnum í réttu hlutfalli við magn eða virði birgða á þeim degi.

Einingin skal kanna eignir vegna jarðefnaleitar og mats og eignir á þróunar- eða framleiðslustigi vegna virðisrýrnunar á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla í samræmi við IFRS-staðal 6, leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim eða IAS-staðal 36, eftir því sem við á og, ef nauðsyn krefur, lækka þá fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við a- eða b-lið hér að framan. Að því er varðar þennan lið, taka olíu- og gaseignir eingöngu til þeirra eigna sem notaðar eru við jarðefnaleit, mat, þróun eða framleiðslu olíu og gass.

Leigusamningar

- D9A Ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, tók sömu ákvörðun um að samningur fæli í sér leigusamning í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, eins og krafist er í IFRIC-túlkun 4, en á öðrum degi en krafist er í IFRIC-túlkun 4, þarf notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, ekki að endurmeta þá ákvörðun við innleiðingu IFRS-staðlanna. Eining telst hafa tekið sömu ákvörðun um að samningur feli í sér leigusamning í samræmi við góðar reikningsskilavenjur, sem áður var fylgt, ef sú ákvörðun hefði skilað sömu niðurstöðu hvort sem IAS-staðli 17, *leigusamningar*, eða IFRIC-túlkun 4 hefði verið beitt.

Skuldbindingar vegna starfsemi, sem leggja skal niður, sem eru innifaldar í kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna

- D21A Eining, sem beitir undanþágunni í b-lið liðar D8A (að því er varðar olíu- og gascignir á þróunar- eða framleiðslustigi, samkvæmt góðri reikningssskilavenju, sem áður var fylgt, og gerð var grein fyrir á kostnaðarstöðum sem ná yfir allar eignir á stóru landsvæði), skal í stað þess að beita lið D21 eða IFRIC-túlkun 1:
- a) meta starfsemi, sem leggja skal niður, enduruppbyggingu og sambærilegar skuldbindingar eins og á degi skiptanna yfir í IFRS-staðla í samræmi við IAS-staðal 37 og
 - b) færa beint á óráðstafað eigið fé allan mismun á þeirri fjárhæð og bókfærðu verði þeirra skuldbindinga, daginn sem skipt er yfir í IFRS-staðlana, sem ákvarðaðar eru samkvæmt góðri reikningssskilavenju einingar sem áður var fylgt.